

Garðabær
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆ




Selfoss, 31. október 2019
Tilvísun: 2016090040
SGB/
Tilv. ykkar:

Efni: Hafnarfjarðarvegur (40), Vífilsstaðavegur (að Litlatúni) – Lyngás, endurbætur og undirgöng – Umsókn um framkvæmdaleyfi

Vegagerðin sækir hér með um framkvæmdaleyfi fyrir sameiginlegri framkvæmd Vegagerðarinnar og Garðabæjar vegna breikkunar og endurbóta á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar (40) við Vífilsstaðaveg og Lyngás ásamt gerð undirganga fyrir gangandi og hjólandi umferð við Hraunsholtslæk, breikkun og endurbætur á Vífilsstaðavegi milli Hafnarfjarðarvegar og Litlatúns og gerð hringtorgs við Litlatún. Hraunsholtslækurinn verður einnig í undirgöngunum við hlið göngu- og hjólaleiðarinnar. Akreinum á Hafnarfjarðarvegi er fjölgað og beygjureinum breytt og fjölgað. Einnig verður gengið frá göngustígum á svæðinu. Verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Garðabæjar og veitufyrirtækja. Tvöföld vinstri beygja verður af Hafnarfjarðarvegi inn á Vífilsstaðaveg til austurs, tvöföld vinstri beygja verður af Vífilsstaðavegi inn á Hafnarfjarðarveg bæði til norðurs og suðurs, tvöföld vinstri beygja verður af Lyngási inn á Hafnarfjarðarveg og hægri beygja af Lækjarfit í framhjállaupi. Undirgöngin verða gerð úr forsteyptum einingum og er miðað við að göngin verði unnin í tveimur áföngum þannig að halda megi umferð um Hafnarfjarðarveg á tveimur akreinum í hvora átt á framkvæmdartíma. Til framkvæmdarinnar telst einnig gerð allra vega- og stíga sem nauðsynlegar eru til að ljúka framkvæmdinni endanlega ásamt gerð hljóðveggja með Hafnarfjarðarvegi og landmótun, og breytingar á lögnum veitustofnana. Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð af hliðarvegum í Garðabæ inn á Hafnarfjarðarveg. Stefnt er að því að bjóða út framkvæmdir í nóvember nk. og að þeim verði lokið haustið 2020. Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulag sem Garðabær hefur nýlega látið vinna. Unnið er að samkomulagi við umráðamenn þeirra lóða sem skerðast

Virðingarfyllst,


Svanur G Bjarnason
Svæðisstjóri Suðursvæðis

